

Vistfræðifélag Íslands – fréttabréf

19. maí, 2. tbl. 2011

Kæru félagar,

Nú fer í hönd mikill annatími hjá mörgum vistfræðingum. Áður en “feltsumarið” skellur á með fullum þunga er rétt að koma til ykkar upplýsingum frá aðalfundi félagsins og um starfið framundan.

Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn laugardaginn 26. mars s.l. Þar gerði stjórnin grein fyrir störfum sínum (sjá nánar skýrslu stjórnar á vistis.is) og lagði fram ársreikninga. Allar nánari upplýsingar má sjá á vef Vistfræðifélags Íslands (vistis.is).

Samþykktar voru breytingar á 2. og 4. grein laga félagsins til samræmingar við starfsemi félagsins eins og hún hefur þróast á þessu fyrsta starfsári. Löggin með breytingum er að finna á vefsíðu félagsins (vistis.is).

Breytingar urðu á stjórn félagsins. Erpur Snær Hansen og Gunnar Þór Hallgrímsson voru kosnir í stjórn félagsins og Jóhann Þórsson til vara. Úr stjórn gengu Guðrún Lára Pálmadóttir, Lísanna Libungan og Kristín Jónsdóttir.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar

Stjórnin fundaði 26. apríl og skipti með sér verkum. Gísli Már Gíslason gegnir áfram hlutverki gjaldkera og Erla Björk Örnólfsdóttir (kjörin varamaður í fyrra) mun gegna störfum ritara. Á fundinum var m.a. fjallað um þema ráðstefnu haustsins. Það var ákveðið að það yrði Vistfræði skóga í tilefni þess að Sameinuðu þjóðirnar hafa helgað skógunum árið 2011. Gísli Már, Jóhann og Tómas Grétar eru í undirbúningsnefnd haustráðstefnunnar.

Starfið framundan

Fræðsluferðir

Stefnt er að því að fara í tvær fræðsluferðir á næstunni.

Kvöldferð á Þingvelli 30. maí – Með í för verða m.a. Ingibjörg Svala Jónsdóttir sem mun greina frá vistfræðirannsóknnum í hrauninu norður af vatninu og Sigurður S. Snorrason sem mun segja frá rannsóknnum í Þingvallavatni og á vatnasviði þess. Safnast verður saman við Öskju kl. 18:00 og síðan á bílastæðinu við Rauðavatn kl. 18:20.

Kvöldferð í Friðland í Flóa með Tómasi Grétari Gunnarssyni og fleirum – dagsetning og tími ákveðin síðar.

Ráðstefna haustsins

Efni haustráðstefnunnar verður eins og áður er nefndt Vistfræði skóga í tilefni þess að Sameinuðu þjóðirnar hafa helgað skógum árið 2011. Þetta verður eins dags ráðstefna haldin í seinni hluta nóvember. Hér með kallar stjórnin eftir hugmyndum og tillögum félagsmanna fyrir ráðstefnuna.

Vinnuhópar

Vinnuhóparnir tveir á vegum félagsins munu starfa áfram, en þeir eru:

Vargar og nytjastofnar – hafa samband við Harald Ingvarsson, haraldur@natkop.is.

Ágengar tegundir – hafa samband við Menju von Schmalensee menja@nsv.is, eða Kristínu Svavarsdóttur, kristin.svavarsdottir@land.is

Með sumarkveðju,

Stjórn Vistfræðifélags Íslands

Tilkynning:

Sæsvölumerkingaleiðnagur 5-7. ágúst – Elliðaey Vestmannaeyjum

Sæl öll!

Náttúrustofa Suðurlands hyggst standa fyrir árlegum sæsvölumerkingaleiðangri til Elliðaeyjar 5-7. ágúst, allir velkomnir!

Fyrirhugað er að fara út í eyju á föstudeginum eftir kvöldmat og komið til baka á sunnudeginum.

Herjólfur siglir 5 sinnum á dag þessa daga: <http://eimskip.is/IS/Eimskip-Innanlands/herjolfur/Siglinga%C3%A1%C3%A6tlun.html>

Fyrirkomulag er áþekkt og fyrri ár. Þessi tími er með fyrirvara um veður, en helgin 19-21 Ágúst er höfð til vara.

Vinsamlegast látið áhugasama vita af þessu og látið mig eða Ingvar@nattsud.is hvort þú hyggst koma.

Næsti póstur verður ekki fyrr en eftir verslunarmannahelgi þegar veðurspá liggur fyrir.

Gleðilegt sumar!

Erpur S. Hansen